



Alþingi
Erindi nr. P 125/701
komuuugur 26.1.2000

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík.

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 568 7575
Fax 568 0727
Netfang:
hjukrun@hjukrun.is

Reykjavík, 24. janúar 2000

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur fjallað um frumvarp ríkisstjórnarinnar til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frumvarpinu er ætlað að koma í veg fyrir fjöldauppsagnir opinberra starfsmanna eða eins og það er orðað í frumvarpinu "það telst til verkfalla...þegar starfsmenn leggja niður venjuleg störf sína að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði". Í athugasemdum með frumvarpinu stendur að á síðustu árum hafi það ítrekað gerst að fjöldi starfsmanna í sömu starfsstétt hjá hinu opinbera hafi sagt störfum sínum lausum á sama eða svipuðum tíma vegna óánægju með launakjör.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga mælir ekki með fjöldauppsögnum sem tæki í launabaráttu. Þar er um örþrifarád einstaklinga að ræða og ljóst að stéttarfélög geta ekki stutt við þá félagsmenn sína sem grípa til þess. Þess ber þó að gæta að gildandi lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna byggja á undirrituðu samkomulagi þeirra aðila sem eftir lögunum starfa. Einhliða breyting á lögunum sem er aðeins miðuð við hagsmuni annars aðilans, sem auk þess fer með löggjafarvaldið, er tæpast í anda friðarskyldu.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga telur mikilvægt að sátt ríki milli aðila um þessar samskiptareglur þannig að lögunum verði fylgt af einlægni.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga leggst gegn því að frumvarpið verði að lögum eins og það er lagt fram. Stjórnin er samþykkt ályktun miðstjórnarfundar Bandalags háskólamanna frá því í desember s.l. þar sem fram kemur vilji til að taka þátt í viðræðum um endurskoðun laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Jafnframt lýsir stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga sig sammála umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,

Herdís Sveinsdóttir, formaður.